

Efni: Styrkumsókn vegna ljósaborðs og ljósabúnaðar

Leikfélagi Kópavogs hefur, með dyggum stuðningi frá Kópavogsbæ í gegnum árin, verið kleift að gera Leikhúsið að Funalind 2 í Kópavogi að einu besta litla leikhúsi á landinu.

En þar sem Kópavogsbær hefur hætt að leggja til rekstrarstyrk og styrk til niðurgreiðslu fasteignagjalda eina leikhúsinu í Kópavogi á þeim forsendum að félagið hafi tekjur af útleigu hússins, þá óskar félagið eftir styrk til að bæta aðstöðu hússins enn betur til útleigu með kaupum á ljósaborði og ljósabúnaði. Þannig verður leikhúsið mjög eftirsóttur og fýsilegur kostur til sýninga fyrir ennþá fleiri aðila en nú geta nýtt húsið. Bæði atvinnu - og áhugahópa um menningu og listir.

Meðfylgjandi er mjög gott tilboð á þeim búnaði sem leikfélagið þarfnast að upphæð 2.867.479 kr..

Félagið vonar að tekið verði vel í umsóknina og þakkar um leið kærlega fyrir stuðning Kópavogsbæjar við Leikfélag Kópavogs í gegnum árin.

Með vinsemd,

F.h. stjórnar Leikfélags Kópavogs

Anna Margrét Pálsdóttir, formaður LK

Leikfélag Kópavogs

Funalind 2, 201 Kópavogur